

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1646  
komudagur 5.4. 2002

Nefndasvið Alþingis  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. apríl 2002.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 20/1992. Þskj. 125 – 125. mál. 127. löggjafarþing 2001-2002.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Með frumvarpinu er brugðist við þeim lagalega annmarka, sem staðfestur var með dómi Hæstaréttar Íslands frá 18. desember 2000, í málinu nr. 419/2000, varðandi rétt föður til að höfða faðernismál er móðir barns feðrar ekki barn sitt. Laganefndin lýsir ánægju sinni með þá réttarbót sem frumvarpið felur í sér að þessu leyti. Nefndin telur þó jafnframt rétt að vekja athygli á því misræmi sem verður á rétti feðra samkvæmt íslenskum lögum, ef frumvarpið nær fram að ganga, þar sem réttarstaða föður, sem á barn sem *ekki* hefur verið feðrað samkvæmt ákvæðum II. kafla barnalaga, verður betri en réttarstaða föður, sem á barn sem *ranglega* hefur verið feðrað samkvæmt ákvæðum sama kafla. Faðir barnsins sem ekki hefur verið feðrað ætti þess kost að fá dóm um faðerni þess í faðernismáli samkvæmt A-lið VII. kafla barnalaganna, en faðir þess barns sem ranglega hefur verið feðrað ætti ekki kost á því að höfða mál til vefengingar á faðerni barnsins eða til ógildingar á faðernisviðurkenningu, sbr. B-lið VII. kafla barnalaga.

Virðingarfyllst,  
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

---

Jakob R. Möller, hrl.  
formaður